

Reykjavík, 25. mars 2025

Persónuverndarstefna félagasamtakanna Vernd - fangahjálpi

1. Almenn

Félagasamtökin Vernd – fangahjálpi sem reka búsetuúrræði með fjölþætta þjónustu (hér eftir „Vernd“) hefur sett sér persónuverndarstefnu þessa á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir „persónuverndarlög“).

Markmið stefnunnar er að skjólstæðingar Verndar og aðrir einstaklingar, eins og við getur átt hverju sinni, séu upplýstir um hvernig félagið safnar og vinnur persónuupplýsingar. Vernd leggur ríka áherslu á að tryggja að öll meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga nr. 90/2018 og laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

Félagasamtökin Vernd - fangahjálpi er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem félagið safnar og vinnur um einstaklinga í tengslum við starfsemi félagsins og þá þjónustu sem veitt er.

Samskiptaupplýsingar:

Félagasamtökin Vernd fangahjálpi
Laugateigi 19, 105 Reykjavík
562-3003

Hægt er að senda skriflega fyrirspurn um meðferð persónuupplýsinga á netfangið vernd@vernd.is.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru sérhverjar upplýsingar sem beint eða óbeint má tengja við tiltekinn einstakling, svo sem með tilvísun í auðkenni, netauðkenni eða fleiri einkennandi þætti.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru skilgreindar í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga en meðal annars er um að ræða upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir eða trúarbrögð, heilsufarsupplýsingar m.a. um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, upplýsingar um kynlíf og kynhneigð, erfðafræðilegar upplýsingar og lífkennaupplýsingar sem gera það kleift að unnt er að greina eða staðfesta deili á einstakling, t.a.m. með greiningu fingrafara.

Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla meðferð og notkun persónuupplýsinga svo sem söfnun, skráningu, varðveislu, breytingu eða eyðingu. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á vinnslu persónuupplýsinga.

2. Söfnun og meðferð persónuupplýsinga

Söfnun persónuupplýsinga

Vernd safnar og vinnur með þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru í því skyni að veita þjónustu við skjólstæðinga sína og til þess að fullnægja hlutverki sínu samkvæmt lögum og þjónustusamning við Fangelsismálastofnun.

Vernd fær einna helst persónuupplýsingar frá eftirfarandi aðilum:

- Fangelsismálastofnun.
- Hinum skráða sjálfum.
- Þjónustuaðilum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga og o.fl.

Jafnframt berast Vernd upplýsingar frá öðrum opinberum aðilum og einstaklingum, m.a. vegna umsókna þeirra sem dvelja á Vernd um skólavist, atvinnu, meðferð, starfsendurhæfingarúrræði, geðheilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnunum sem veita þjónustu vegna fíknivanda o.fl.

Vernd vinnur meðal annars með eftirfarandi persónuupplýsingar:

- Grunnupplýsingar svo sem nafn, kennitölu og símanúmer.
- Upplýsingar frá Fangelsismálastofnun svo sem um lengd og skilyrði afplánunar.
- Upplýsingar um vinnu/endurhæfingu vistmanna Verndar.
- Myndbandsupptökur sem safnast við rafræna vöktun með eftirlitsmyndavélum á starfstöð Verndar að Laugateigi 19.
- Persónuupplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun með ökklabandi.
- Upplýsingar um komutíma og brottfaratíma vistmanna Verndar.
- Upplýsingar um þátttöku í viðtölum og ráðgjöf m.a. hjá framkvæmdastjóra, forstöðumanni, áfengisráðgjafa, félagsráðgjafa eða öðrum sem veita ráðgjöf á vegum Verndar.
- Aðrar upplýsingar sem eru Vernd nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt samkvæmt lögum og þjónustusamningi við Fangelsismálastofnun og til þess að sinna þjónustu við skjólstæðinga sína.

Tilgangur vinnslunnar og heimild

Meginhlutverk Verndar er þjónusta við dómpóla, meðal annars með því að reka búsetuúrræði að Laugateigi 19 samkvæmt samningi við Fangelsismálastofnun á grundvelli laga, nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

Tilgangur þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á vegum Verndar er að sinna hlutverki Verndar samkvæmt þjónustusamningi við Fangelsismálastofnun um vistun fanga, meðferðarþjónustu, félagslega þjónustu og aðra þjónustu við dómpóla.

Persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og þjónustusamnings Verndar við Fangelsismálastofnun.

Persónuupplýsingar eru jafnframt unnar á grundvelli samþykki skráðra einstaklinga og í öryggis- og eignarvörsluskyni á grundvelli lögmætra hagsmuna.

Meðferð persónuupplýsinga

Vernd vinnur persónuupplýsingar á lögmætum grundvelli og í samræmi við persónuverndarlög nr. 90/2018 og lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi nr. 75/2019. Gætt er að því að vinnslan samrýmist eftirfarandi meginreglum persónuverndar:

- Persónuupplýsingar eru unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.
- Persónuupplýsingar eru fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.
- Ekki eru unnar frekari persónuupplýsingar en nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
- Gætt er þess að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar.
- Persónuupplýsingar eru ekki varðveittar lengur en nauðsyn ber til.
- Gætt er að öryggi persónuupplýsinganna og viðeigandi varúðarráðstöfunum.

3. Afhending til þriðja aðila

Vernd leigir aldrei eða selur persónuupplýsingar. Vernd afhendir ekki persónuupplýsingar utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) nema í samræmi við gildandi lög.

Engar persónuupplýsingar eru afhentar þriðja aðila að öðru leyti en nauðsynlegt kann að vera vegna lögmætra hagsmuna og í samræmi við persónuverndarlög eða á grundvelli samþykkis hins skráða. Vernd kann að afhenda persónuupplýsingar til þjónustuaðila sem sinna þjónustu við skjólstæðinga Verndar óski þeir eftir milligöngu Verndar um þjónustu, svo sem til heilbrigðisstarfsmanna, meðferðaraðila og geðheilsuteymis, félagsráðgjafa sveitafélaga og VoR-teymis Reykjavíkurborgar o.fl.

Jafnframt kunna lög, reglugerðir, dómúrskurðir eða fyrirmæli stjórnvalda að kveða á um skyldu Verndar til afhendingu persónuupplýsinga, svo sem til Fangelsismálastofnunar eða annara löggæsluyfirvalda, útlendingastofnunnar, félagsmálayfirvalda eða annarra opinberra aðila.

4. Varðveisla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru aðeins varðveittar í þann tíma sem lög heimila og eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla markmið söfnunar þeirra. Mismunandi varðveislutími á almennt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

Þegar þjónustu Verndar við skráðan einstakling lýkur eru persónuupplýsingar hans afhentar aftur til Fangelsismálastofnunar. Vernd vinnur með persónuupplýsingar sem eru afhendingarskyldar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

Öðrum upplýsingum er eytt með öruggum hætti í kjölfar nauðsynlegs varðveislutíma, að því marki er lög heimila.

5. Öryggi persónuupplýsinga

Öryggi persónuupplýsinga er tryggt eins og kostur er, en Vernd hefur innleitt fyrirkomulag upplýsingaöryggis, m.a. til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga í vörslu félagsins. Aðgangi að persónuupplýsingum er stýrt þannig að aðgangur afmarkist við þá sem á þurfa að halda til að geta sinnt viðkomandi máli. Þríþáttaauðkenning er í rafrænum kerfum Verndar. Gerðir eru vinnslusamningar við alla aðila sem hýsa eða vinna með persónuupplýsingar fyrir Vernd.

Allt starfsfólk Verndar er bundið þagnarskyldu og helst þagnarskyldan þótt látið sé af störfum. Allt starfsfólk Verndar undirritar túnaðaryfirlýsingu vegna starfa sinna.

6. Rafræn vöktun

Vernd er með rafrænar eftirlitsmyndavélar á Vernd, Laugateigi 19, 105 Reykjavík, bæði í sameiginlegum rýmum og utandyra. Vismenn, starfsfólk og aðrir þeir sem heimsækja Vernd kunna því að vera teknir upp í mynd.

Vinnsla þeirra upplýsinga sem safnast með myndavélaeftirliti byggir á samþykki vistmanna, lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og lögmætum hagsmunum, enda fer vinnslan fram í því skyni að veita lögbundna þjónustu við dómpóla og í öryggis- og eignarvörsluskyni. Myndefni er geymt eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu en aldrei lengur en 90 daga, nema nauðsyn beri til að varðveita það lengur vegna gruns um refsiverðan verknað, slyss eða annars sambærilegs.

Vernd sinnir jafnframt rafrænu eftirliti samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

7. Réttindi þín

Þú átt rétt á því að vita hvort unnið sé með persónuupplýsingar þínar, tilgang vinnslunnar og heimildir fyrir henni og varðveislutíma. Þú átt jafnframt rétt á aðgangi að þínum persónuupplýsingum.

Dú átt rétt á því að fá leiðréttar rangar persónuupplýsingar um þig. Þú getur átt rétt á því að persónuupplýsingum um þig sé eytt, t.d. ef upplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar í þágu þess tilgangs sem þeirra var aflað.

Þessi réttindi eru þó ekki án takmarkana. Lög geta sett skorður við því hvaða gögnum verður eytt eða í hvaða tilvikum einstaklingur á rétt á gögnum um sjálfan sig.

Ef þú telur vinnslu persónuupplýsinga ekki vera í samræmi við þau lög sem um hana gilda getur þú sent erindi til persónuverndar, www.personuvernd.is.

8. Endurskoðun stefnu

Vernd áskilur sér rétt til að endurskoða og uppfæra persónuverndarstefnu þessa, án fyrirvara. Uppfærð persónuverndarstefna tekur gildi þegar hún hefur verið birt á heimasíðu félagsins.

Stefna þessi var sett 25. mars 2025 og var síðast breytt 25. mars 2025.